

Nd.

271. Nefndarálit

[126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 61 24. des. 1964, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar á fundum sínum. Bárust svör þeirra, er frv. hafði verið sent til umsagnar, auk þess bárust nefndinni erindi frá nokkrum aðilum, þ. á m. Flugfélagi Íslands h/f, Eimskipafélagi Íslands h/f og Félagi ísl. ferðaskrifstofa.

Þá var tekið til meðferðar við afgreiðslu þessa máls frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, 63. mál þingsins, þingskjal 68, er flutt var fyrir á þessu þingi af Halldóri E. Sigurðssyni o. fl., en ekki hlotið afgreiðslu í nefndinni.

Við athugun nefndarinnar á frv. veitti Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri ýmsar upplýsingar, sem nefndarmenn höfðu óskað eftir.

Í kjölfar þess, að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökum Evrópu — EFTA, verður um að ræða tekjumissi rikissjóðs vegna lækkunar á tolltekjum, en frumvarp þess efnis hefur verið afgreitt í nefndinni.

Gerir frv. þetta ráð fyrir nokkurri hækkun söluskatts og að með því verði unninn upp tekjumissir rikissjóðs og auk þess fengnar tekjur til handa rikissjóði vegna aukinna framlaga til verklegra framkvæmda og hækkunar á bótum almannatrygginga, sem fjárlög fyrir árið 1970 gera ráð fyrir.

Þá er og lagt til í frv. að veita ráðherra heimild til að setja með reglugerð ákvæði um framtöl og innheimtu söluskattsins, og mun ráðherra gera Alþingi grein fyrir þeim breytingum til úrbóta, er hann hyggst gera á núverandi innheimtu söluskattsins.

Varðandi frv. þeirra Halldórs E. Sigurðssonar o. fl. á þskj. 68 er meiri hluti nefndarinnar samþykkur því, að felldur verði niður söluskattur á neyzlufiski, en í lögum um söluskatt er heimild til handa ráðherra að fella niður söluskatt í sérstökum tilvikum, og mun ráðherra gefa yfirlýsingu þar að lútandi. Telur meiri hluti nefndarinnar því ekki ástæðu til flutnings breytingartillögu þar um.

Niðurfellingu söluskatts á öðrum vörum, sem gerð er tillaga um í frv., getur meiri hluti nefndarinnar ekki fallið á og mælir því gegn samþykkt breytingartillagna þar um, ef fluttar verða.

Þá voru í nefndinni teknar til sérstakrar athugunar þær ábendingar og athugasemdir, sem fram komu í erindum Flugfélags Íslands h/f, Eimskipafélags Íslands h/f og Félags ísl. ferðaskrifstofa. Telur meiri hlutinn þær ábendingar, sem þar koma fram, á rökum reistar og að söluskattur á slíka þjónustu geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir hag og rekstur þessara fyrirtækja, enda mun söluskattur á slíkri starfsemi ekki eiga sér hliðstæðu hjá nágrennanþjóðum okkar.

Hér er hins vegar um að ræða fjárhagsatriði fyrir rikissjóð, sem þarfnast nánari skoðunar, en meiri hluti nefndarinnar treystir fjármálaráðherra til þess að fella niður söluskattinn undir slíkum kringumstæðum að einhverju eða öllu leyti, sé slíkt með nokkru móti kleift, enda skortir hann ekki lagaheimild til þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verið samþ. óbreytt.

Alþingi, 24. jan. 1970.

Matthías Á. Mathiesen,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Guðl. Gislason.

Eyjólfur Konr. Jónsson.